

190 26. nóv. Framtalsnefnd getur falið sérstökum mönnum eða matsnefndum að framkvæma mat á vissum eignum eða tegundum eigna, svo sem vörubirgðum, byggingum, skipum, vélum, tækjum o. s. frv., til að sannreyna, hversu mikið fé hefur verið í þær lagt.

Matsgerð þeirra getur aðili, innan viku frá því að honum varð um hana kunnugt, skotið til yfirmats 3 dómkvaddra manna, og er mat þeirra fullnaðarmat.

Skylt er að veita matsmönnum aðstöðu til þess, að mat geti orðið framkvæmt. Framtalsnefnd hefur heimild til, án dómsúrskurðar, að láta fulltrúa sína rannsaka vörubirgðir einstakra manna og fyrirtækja og bókhald þeirra.

Þeir, sem starfa að framkvæmd laga þessara, eru háðir þagnarskyldu samkvæmt 50. gr. laga nr. 6 1935.

#### 34. gr.

Ef nokkur sá, sem skyldur er að gefa skýrslu eða upplýsingar samkvæmt lögum um eignakönnun eða reglugerð þessari, verður ekki við því, þegar þess er krafist af þar til bærum aðila, þá getur fjármálaráðherra gert honum að greiða dagsektir, allt að 500 krónum fyrir hvern dag, unz skyldunni er fullnægt.

#### 35. gr.

Fjármálaráðherra getur, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi, veitt undanþágur frá einstökum ákvæðum laga um eignakönnun, ef framtalsnefnd mælir með því.

#### 36. gr.

Reglugerð þessi, sem gildir frá 1. desember 1947, er sett samkvæmt lögum nr. 67 5. júní 1947.

*Fjármálaráðuneytið, 26. nóvember 1947.*

**Jóhann Þ. Jósefsson.**

*Magnús Gíslason.*

## AUGLÝSING

191 21. nóv.

um loftskeytastöðvar og talstöðvur í íslenskum skipum og bátum.

Samkvæmt heimild í 9. gr. laga nr. 30 27. júní 1941, um fjarskipti, auglýsist hér með hlutaðeigendum til leiðbeiningar og eftirbreytni, að ríkisstjórnin hefur ákveðið, að hvert íslenskt skip í förum milli Íslands og útlanda, sem hefur minnst 12 manna áhöfn, svo og hvert íslenskt farþegaskip yfir 200 rúmlestir að stærð skuli hafa loftskeytastöð með minnst 75 watta afli í loftneti á 600 metra öldulengd, sem sé starfrækt af manni með loftskeytaprófi. Þó getur radió-talstöð komið í stað loftskeytastöðvar í skipum í innanlandssiglingum, ef fyrir liggur skrifleg yfirlýsing frá póst- og símamálastjórninni, um að siglingaleiðin teljist innan öruggs talstöðvarlangdrægis strandstöðvar, er hefur sólarhrings vörzlu, enda sé siglingaleiðin og og lágmarksafli talstöðvar skipsins á neyðarbylgjulengd tilgreind í yfirlýsingunni.

Hvert annað íslenskt þilskip stærra en 10 smálestir, er flytur farþega og siglir meira en 3 sjómilur frá landi, skal hafa radió-talstöð með minnst 5 watta afli í loftneti á neyðarbylgjulengd talstöðva.

Auglýsing þessi gengur í gildi 1. janúar 1948. Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing frá 17. nóvember 1936, um loftskeytastöðvar í íslenskum skipum.

*Samgöngumálaráðherrann, 21. nóvember 1947.*

**Emil Jónsson.**

*Guðmundur Hliðdal.*